

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, hesthúsahverfi við Dagmálaholt (Kóngsholt).

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 31. ágúst 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Mörk þéttbýlisins í Grindavík stækka til austurs.
2. Óbyggt svæði á Dagmálaholti, um 12 ha, breytist í opið svæði til sérstakra nota sem hesthúsasvæði. Aðgengi að svæðinu verður um veg frá hringtorgi á Suðurstrandarvegi í framhaldi af tengivegi frá núverandi hesthúsahverfi.
3. Óbyggt svæði vestan og norðvestan Húsafells, um 55 ha, breytist í opið svæði til sérstakra nota sem trjáræktarsvæði og beitiland.
4. Tengivegur á milli fyrirhugaðs Suðurstrandarvegur og Austurvegar færast austur fyrir iðnaðarsvæði (I2) og austur fyrir núverandi hesthúsasvæði við Brekkubúa. Hringtorg á Austurvegi færast til að sama skapi. Gert er ráð fyrir hringtorgi þar sem Suðurstrandarvegur og tengivegurinn mætast og göng undir Suðurstrandarveg færast jafnframt til austurs.
5. Núverandi og nýjar reiðleiðir og gönguleiðir eru skilgreindar nánar út frá hesthúsahverfi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 31. ágúst 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Íris Bjargmundsdóttir.